

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð æðaskurðlækninga nr. 379/2001.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm læknar búsettir á Íslandi:

1. Stofnendur sjóðsins (3).
2. Tveir skipaðir af stofnendum sjóðsins.

Stjórnin skiptir með sér verkum:

1. Formaður, sem er sérfræðingur í æðaskurðlækningum.
2. Varaformaður.
3. Ritari
4. Gjaldkeri.
5. Meðstjórnandi.

Ef stofnandi óskar eftir að vera leystur frá stjórnunarstörfum velur hann eftirmann í stjórn í sinn stað, ef hann óskar þess. Annars sjá aðrir stofnendur sjóðsins um tilnefningu sem og við fráfall stofnanda.

Formaður kallar saman fundi stjórnar. Hverjum stjórnarmanni er heimilt að óska eftir fundi stjórnar þegar þurfa þykir.

7. gr. orðist svo:

Stjórnin úthlutar úr sjóðnum í samræmi við ákvæði 5. gr. Stjórnin markar stefnu um upphæðir úthlutana hverju sinni miðað við ávöxtun og höfuðstól sjóðsins. Umsóknir skal auglýsa.

9. gr. orðist svo:

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal vera lokið fyrir 1. september ár hvert. Endurskoðun sjóðsins skal fela viðurkenndum og löggiltum endurskoðanda.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Rannsóknarsjóð æðaskurðlækninga staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 18. janúar 2008,

Birkir M. Magnússon staðgengill.

Helgi M. Ólafsson.